

VMST-N/0401




Rannsóknir á seiðastofnum Laxár í Skefilsstaðahreppi sumarið 2003

Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir

Hólum

Apríl 2004



Veiðimálastofnun
Institute of Freshwater Fisheries

Inngangur og aðferðir

Athuganir fóru fram á seiðastofnum Laxár í Skefilsstaðahreppi í september 2003 með rafveiðum. Markmið veiðanna var að fá yfirlit yfir ástand og útbreiðslu seiðastofna í ánni. Þéttleiki, vöxtur og árgangastyrkleiki seiðastofna Laxár í Skefilsstaðahreppi var rannsakaður. Rafveitt var á tíu stöðum í ánni; sjö þeirra voru þeir sömu og undanfarin ár, einni stöð var bætt inn nokkru ofan Engjalækjar og veitt var á tveimur stöðvum þar sem hrogn höfðu verið grafin haustið áður. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 245 - 1000 m² og fór hún eftir magni seiða og aðstæðum á hverjum stað. Veidd var ein yfirferð á hverjum athugunarstað.

Þau seiði sem veiddust voru öll lengdarmæld og flest vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Vog bilaði og því var ekki hægt að vigta öll seiðin. Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum stað. Þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt fæst með þessu seiðavísitala en ekki heildarfjöldi seiða: þéttleiki = (fjöldi seiða/stærð veiðisvæðis m²) * 100 (töflur 1 - 3). Þéttleiki seiða var einnig tekinn saman fyrir árin 2001- 2003 (töflur 10 og 12).

Meðallengd allra laxaseiðaárganga á hverri stöð var reiknuð ásamt staðalfráviki (staðalfrávik er mælikvarði á breytileika, eftir því sem það er stærra þeim mun meiri breytileiki er í stærð seiðanna, tafla 4). Einnig var reiknuð meðallengd og þyngd laxaseiða í ánni í heild árin 2001-2003 (töflur 5 og 6).

Reiknaður var út ástandsstuðull laxaseiðanna en stuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$. Ástandsstuðull var reiknaður fyrir öll laxaseiði á stöðvum 7 og 8 og tekið meðaltal fyrir hvora stöð og hvern árgang á henni (tafla 7). Einnig var reiknaður ástandsstuðull laxaseiða á þessum tveimur stöðvum fyrir árin 2001 til 2003 (tafla 7).

Vísitala lífþyngdar var reiknuð fyrir alla árganga laxaseiða á hverri stöð út frá meðalþyngd hvers árgangs í ánni og þéttleika sama árgangs á hverri stöð: $\text{lífþyngd á } 100\text{m}^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100\text{m}^2$ (tafla 8). Lífþyngd var líka reiknuð fyrir laxaseiði í ánni í heild og gögn tekin saman fyrir árin 2001 – 2003 (tafla 9).

Hrognagröftur haustið 2003

Haustið 2003 voru fjórar stórlaxahrygnur (10-15 pund) og fjórir hængar, tveir smálaxar og tveir stórlaxar teknir í klak. Hrognum úr einni hrygnu var komið fyrir á fjórum stöðum í Grímsá ofan foss, úr tveimur hrygnum á sex staði í Laxá frá Langhyl að Rauðagili og einum stað fyrir neðan Illugastaði þar sem þeim var dreift á nokkra staði á sama brotinu. Hrognagröftur haustið 2003 var framkvæmdur af Friðriki Steinssyni stöðvarstjóra Hólalax.

Niðurstöður rafveiða

Efsti staður sem rafveitt var á í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2003 var nokkuð ofan Engjalækjar (staður 3b). Þar veiddist mest af vorgömlum laxaseiðum en einnig fannst vottur af eins og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 1a). Bleikju og urriðaseiði voru einnig til staðar en í mjög litlum þéttleika. Vorgömul, tveggja og þriggja ára bleikjuseiði veiddust ásamt eins og tveggja ára urriðaseiðum (töflur 2 og 3 og myndir 2a og 3a).

Á stað 4, við ármót Laxár og Engjalækjar, veiddust vorgömul laxaseiði í mjög miklum þéttleika auk nokkurra tveggja ára laxaseiða og eins árs sleppiseiða (tafla 1 og mynd 1a). Á þessum stað veiddust engin laxaseiði sumarið 2002 og aðeins fjögurra ára gömul sumarið 2001 (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST-N/0203, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST-N/0219). Eitt bleikjuseiði fannst á rafveiðistaðnum, fjögurra ára gamalt en engin urriðaseiði (töflur 2 og 3 og myndir 2a og 3a).

Þrjú árgangar villtra laxaseiða veiddust á stöð 5 við Illugastaði, eins, tveggja og þriggja ára ásamt nokkrum eins árs sleppiseiðum (tafla 1, mynd 2a) og reyndist mest vera af tveggja ára seiðum. Engin laxaseiði veiddust á stöðinni 2002. Tveggja og þriggja ára bleikjuseiði veiddust (tafla 2, mynd 2a) og eins og þriggja ára urriðaseiði (tafla 3, mynd 3a).

Fyrir neðan Herjólfstaðabrá er rafveiðistaður 6. Þar veiddust þrír árgangar laxaseiða; eins, tveggja og þriggja ára gömul, en þéttleiki allra árganga var lítill (tafla 1, mynd 1a). Þéttleikinn 2003 var þó meiri en 2002 þegar aðeins veiddist eitt þriggja ára laxaseiði á athugunarstaðnum (Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST-N/0219). Bleikjuseiðin sem veiddust við Herjólfstaðabrá voru vorgömul og tveggja ára (tafla 2, mynd 3a) og urriðaseiðin sem fundust voru eins árs (tafla 3, mynd 3a). Þéttleiki bleikju og urriðaseiða reyndist lítill á þessum stað.

Á Skíðastaðaeyrunum (stað 6a) var nokkuð um vorgömul og eins árs villt laxaseiði en að auki sáust þar eins árs sleppiseiði (tafla 1, mynd 1b). Aðeins veiddust vorgömul bleikju og urriðaseiði á staðnum, þéttleiki bleikjuseiðanna var töluvert meiri en urriðaseiðanna (töflur 2 og 3 og myndir 2a og 3a) en þrír árgangar bleikjuseiða fundust á þessum stað sumarið 2002.

Rafveiðistaður 7 er ofan brúar í Grímsá og veiddust þar tveir árgangar villtra laxaseiða, eins árs í litlum þéttleika og töluvert magn tveggja ára seiða. Einnig fundust eins árs sleppiseiði í miklum þéttleika (tafla 1, mynd 1b). Töluvert veiddist af bleikjuseiðum í Grímsá, mest af vorgömlum, einnig töluvert af eins árs en mun minna af tveggja ára seiðum (tafla 2, mynd 2b). Urriðaseiða varð vart í Grímsá, en þéttleiki þeirra var ekki mikill, þau voru af þremur árgöngum, vorgömul, eins og tveggja ára (tafla 3, mynd 3b). Þéttleiki laxa, bleikju og urriðaseiða var töluvert meiri í rafveiðum 2003 en 2002 (Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST-N/0219).

Næst neðsti staður sem veitt var á í Laxá í Skefilsstaðahreppi var staður 8, fyrir neðan Skíðastaðabrá, þar veiddist töluvert af bæði vorgömlum og eins árs laxaseiðum auk þess sem vart varð sleppiseiða sem sleppt var haustið 2002 (tafla 1, mynd 1b). Nokkuð mikið veiddist af vorgömlum bleikjuseiðum við Skíðastaðabrána (tafla 2 og mynd 2b) og vottur af vorgömlum urriðaseiðum (tafla 3, mynd 3b).

Á rafveiðistað 9 við Sævarland veiddist mikið af vorgömlum og eins árs laxaseiðum og nokkuð af tveggja ára seiðum. Auk þess var vottur af þriggja ára seiðum og eins árs sleppiseiðum á þessum kafla (tafla 1, mynd 1b). Langt er síðan svo mikið af

laxaseiðum hefur veiðst á þessum stað í Laxá (Bjarni Jónsson VMST-N/9902, Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson VMST-N/0101, Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson VMST-N/0219, Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST-N/0203, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST-N/0219). Vorgömul og eins árs bleikjuseiði ásamt nokkru af vorgömlum urriðaseiðum veiddust einnig á þessum stað (töflur 2 og 3, myndir 2b og 3b).

Grafin voru hrogn á fjórum stöðum á vatnasvæði Laxár haustið 2002; í Grímsá ofan foss, í Engjalæk nokkru ofan vaðs og á tveimur stöðum í Laxá nokkuð ofan ármóta við Engjalæk. Rafveitt var á þremur þessarra staða haustið 2003. Ekki fundust laxaseiði úr hrognagreftri í Engjalæk. Rafveitt var á efri hrognagraftrarstaðnum í Laxá og þar fannst nokkuð af vorgömlum laxaseiðum auk eins árs náttúrulegra seiða og eins árs sleppiseiða (tafla 1, mynd 1c). Ekki er hægt að greina á milli þess hve stór hluti vorgömlu laxaseiðanna kemur úr hrognagreftri og náttúrulegri hrygningu. Á þeim stað sem hrogn voru grafin í Grímsá veiddist mjög mikið af vorgömlum laxaseiðum auk þess sem þar voru eins árs sleppiseiði (tafla 1, mynd 1c). Þessi kafli árinna er ófiskgengur og því ekki um náttúruleg laxaseiði að ræða á þessum stað.

Vöxtur seiða sumarið 2003 var breytilegur eftir stöðum í ánni án þess að skýrar línur væri hægt að draga eftir svæðum ofarlega eða neðarlega á vatnasvæðinu (tafla 4). Þegar lítið er á vöxt laxaseiða eftir aldri og árum 2001-2003 er ljóst að vöxtur seiða hefur verið óvenjugóður sumarið 2003. Seiði voru mun stærri og þyngri miðað við aldur en árin á undan. Vorgömlu laxaseiðin voru sum jafnvel það stór að fleiri aldurssýni þurfti til að staðfesta að ekki væri um að ræða eins árs seiði (töflur 5, 6 og 7). Árferði í ánni hefur því verið mjög hagstætt.

Vísitala lífþyngdar er mælikvarði á samanlagðan þunga seiða af ákveðnum árgöngum og í heild á tilteknum árköflum. Sumarið 2003 var mældist lífþyngd seiða mest í Grímsá (stað 7) en á stöðum í Laxá sjálfri á rafveiðistað við Sævarland (stað 9). Minnst var lífþyngd seiða á efsta rafveiðistaðnum í Laxá (stað 3b), fyrir neðan Herjólfssstaðabrú (stað 6) og ofan Engjalækjar á þeim stað sem grafin voru laxahrogn. Lífþyngd í heild á hverjum stað ræðst ekki síst af stærð og fjölda seiða af eldri árgöngum og var til að mynda mikið af tveggja ára seiðum í Grímsá. Vorgömul seiði

vigta aftur á móti minna þegar lítið er til allra árganga (tafla 8). Gríðarleg breyting hefur orðið á heildarlífþyngd laxaseiða í Laxá sumarið 2003 frá því sem var árin 2001 og 2002. Mun meira reyndist af vorgömlum, eins árs- og tveggja ára laxaseiðum í Laxá sumarið 2003 (tafla 9).

Umræða

Ástand seiðastofna Laxár hefur batnað mjög á milli ára. Þannig veiddist í fyrsta skipti í allmörg ár talsvert af vorgömlum laxaseiðum. Einnig var nokkuð af eins árs seiðum þó víðast hvar væri fremur lítið af þeim. Gloppótt var hvar tveggja ára laxaseiði var að finna. Seiðin voru þó í ágætum holdum og óvenjustór miðað við aldur. Vegna þessa mun ganga seiða til sjávar vorið 2004 verða meiri en annars hefði orðið. Því miður er árgangur tveggja ára seiða fremur lítill í ánni og fjöldi sjógönguseiða úr ánni í vor takmarkaður.

Gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða til að byggja upp laxastofna Laxár á nýjan leik. Áin hefur verið friðuð fyrir veiði, veiðieftirlit hert og sleppt var umtalsverðu magni seiða af stofni árinna á vatnasvæðinu haustið 2002. Einnig voru grafin frjónvuguð laxahrogn á fjórum stöðum í Laxá og Grímsá haustið 2002 og sú aðgerð endurtekin á fleiri stöðum haustið 2003. Á þeim tíma sem unnið hefur verið að uppbyggingu laxastofna árinna hafa laxagöngur í ár á Norðurlandi verið óvenju slakar og sérstaklega hafa stórlaxagöngur brugðist. Hér hefur að stóru leyti verið um að kenna slökum heimtum úr hafi en þetta hefur jafnframt þýtt að minna hefur orðið af laxi í ánum til hrygningar og árnar viðkvæmari fyrir veiði. Seiðarannsóknir sumarið 2003 benda til þess að laxastofnar Laxár séu að rétta úr kútnum eftir margra ára alvarlega lægð. Svo var komið þegar verst lét að mjög víða vantaði alveg laxaseiði og jafnvel á bestu köflum árinna varð vart við mjög lítið af laxaseiðum og einungis staka árganga. Undir þeim kringumstæðum var ljóst að grípa þurfti til stórtækra aðgerða til að rétta við laxastofna árinna. Þær aðgerðir sem farið var í virðast nú vera að skila góðum árangri og gefa fyrirheit um að á næstu árum megi vænta góðrar uppsveiflu í laxagöngum í ána og að hægt verði að njóta góðrar laxveiði í Laxá í framtíðinni. Eftir að laxastofnar hafa náð þvítíkri lægð og gerðist í Laxá tekur óhjákvæmilega mörg ár að byggja aftur upp stofnana og ef ekkert er að gert getur það tekið margar kynslóðir laxa. Laxaseiði í Laxá ganga yfirleitt til sjávar þriggja til fjögurra ára gömul og í

sumum tilvikum ári eldri. Í góðu árferði að undanfögnu virðast þau geta gengið ívið yngri til sjávar og þannig má vænta þess að stór hluti tveggja ára seiða í rafveiðum sumarið 2003 gangi út í vor. Við tekur svo sjávardvöl í eitt eða tvö ár áður en laxinn kemur aftur í ána. Kynslóðabilið er því nokkuð langt hjá laxinum og allar breytingar taka talsverðan tíma. Þannig mun uppistaðan í laxagöngum sumarið 2004 verða úr hrygningu haustið 1998 (stórlax) og 1999 (smálax). Fimm til sex ára kynslóðabil þýðir að það þarf tvær kynslóðir laxa til að ná ánni upp aftur þrátt fyrir að ítrustu aðgerðum sé beitt. Ekki er langt í að þessu markmiði sé náð í Laxá. Mistök, óvarkárni eða óþolinmæði á meðan á því uppbyggingarferli stendur getur hins vegar þýtt það að margra ára starf og verndunaraðgerðir séu fyrir bí og að menn færast aftur nær upphafsreit. Sýnilegur og góður árangur er að nást í uppbyggingu laxastofna Laxár. Þann árangur þarf að vernda og tryggja að hann skili á nýjan leik þeirri ágætu veiðía sem Laxá getur verið.

Vegna þessa er lagt til að Laxá verði lokað fyrir veiði sumarið 2004 og þannig stuðlað að því að sá lax sem gengur í ána í sumar nái að hrygna sem víðast á vatnasvæðinu. Með þeim hætti er skapaður grundvöllur fyrir vel heppnaðri nýliðun í ánni tvö ár í röð og öflugri seiðastofnum og laxagöngum á næstu árum. Jafnframt er lagt til að veiddur verði klakfiskur í haust fyrir áframhaldandi hrognagröft í Laxá og Grímsá. Ef mögulegt er verði þeir fiskar sem notaðir verða í klak veiddir á flugu á nokkurra daga tímabili síðla sumars eða í haust, þannig að auðvelt verði að safna þeim saman og geyma í ánni fram að kreistingu. Einnig er mikilvægt að viðhalda öflugum veiðieftirliti við ána svo að þær aðgerðir sem gripið er til skili árangri. Veiðiþjófnaður í Laxá um þessar mundir er til þess fallinn að vega að tilvist laxastofna árinna.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi í september 2003.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	1+ss
Staður 3b	1000	1,90	0,10	0,60		
Staður 4	308	30,52		0,32		0,65
Staður 5	540		0,56	1,30	0,37	0,56
Staður 6	700		0,43	0,43	0,14	
Staður 6a	760	1,71	1,32			0,13
Staður 7	245		0,82	5,31		5,71
Staður 8	320	5,31	4,06			0,31
Staður 9	352	5,97	7,95	1,14	0,28	0,57
Ofan Engjalækjar - hrognagr.	621	0,81	0,16			0,48
Grímsá - hrognagröftur	312	5,77				2,24

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi í september 2003.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 3b	1000	0,10		0,20	0,20	
Staður 4	308					0,32
Staður 5	540			0,19	0,74	
Staður 6	700	0,14		0,29		
Staður 6a	760	2,63				
Staður 7	245	14,29	5,71	1,63		
Staður 8	320	9,69				
Staður 9	352	1,14	0,28			
Ofan Engjalækjar - hrognagr.	621				0,16	
Grímsá - hrognagröftur	312	0,32				0,64

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi í september 2003.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 3b	1000		0,20	0,10	
Staður 4	308				
Staður 5	540		0,93		0,19
Staður 6	700		0,57		
Staður 6a	760	0,26			
Staður 7	245	0,41	0,82		0,82
Staður 8	320	0,63			
Staður 9	352	5,40			
Ofan Engjalækjar - hrognagr.	621				
Grímsá - hrognagröftur	312				

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi í Laxá í Skeflisstaðahreppi í rafveiðum 2003.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			1+ss		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 3b	6,23	0,37	19	9,10		1	13,80		2						
Staður 4	5,66	0,37	94	10,30		1	12,30		1						
Staður 5				9,07	0,31	3	11,50	0,06	1						
Staður 6	5,68	0,33	13	8,10	0,19	10	11,59	0,43	14						
Staður 6a				7,90		2	12,20		1						
Staður 7	5,59	0,66	17	8,05	0,47	13	11,90	0,52	4				11,45		2
Staður 8	6,63	0,76	21	8,05	0,38	28			1				13,53	0,75	3
Staður 9	6,12	0,47	5	9,20		1							11,96	0,75	7
Oftan Engjalækjar - hrognagr.	6,42	0,42	18												
Grímsá - hrognagr.				8,18	0,54	59	10,15	0,48	20	11,89	0,80	20	12,27	1,02	12
Samtals	5,91	0,59	187												

Tafla 5: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi í Laxá í Skeflisstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2003.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			1+ss		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001				5,88	0,64	4	8,48	0,50	13	11,33	1,20	15	13,40	0,95	4
2002	4,57	0,12	3	6,44	0,78	25	11,30	1,23	6	14,75	0,64	2	14,75	0,64	2
2003	5,91	0,59	187	8,18	0,54	59	10,15	0,48	20	11,89	0,80	20	12,27	1,02	12

Tafla 6: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi í Laxá í Skeflisstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2003.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			1+ss		
	Meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	0,47	0,06	3	2,03	0,54	4	6,29	1,12	12	14,01	5,03	9	34,30		2
2002				2,49	0,63	25				15,07	5,16	6			

Staður nr.	meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	þyngd (cm)	frávik	seiða	þyngd (cm)	frávik	seiða	þyngd (cm)	frávik	seiða	meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	0,47	0,06	3	2,03	0,54	4	6,29	1,12	12	14,01	5,03	9	34,30		6			2
2002				2,49	0,63	25				15,07								

Tafla 7: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum á stöðvum 7 og 8 í Laxá í Skefilsstaðahreppi árin 2001-2003 eftir aldri seiðanna.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001															
Staður 7				1,12		1	1,20		2						
Staður 8	1,04		1	1,02		2	1,12		1						
Samtals	1,04		1	1,06	0,06	3	1,17	0,05	3						
2002															
Staður 7				1,08		2	1,19		1						
Staður 8	1,09	0,13	11												
Samtals	1,09	0,13	11	1,08		2	1,19		2	1,19		1			
2003															
Staður 7				1,03	0,03	2	1,06	0,05	13	1,09	0,06	14			
Staður 8	1,17	0,19	17	1,09	0,07	13	1,26		1						
Samtals	1,17	0,19	17	1,09	0,07	15	1,06	0,05	13	1,10	0,07	15			

Tafla 8: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2003. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	1+ss	
Staður 3b	4,68	0,71	6,81			12,2
Staður 4	75,18		3,68		14,38	93,2
Staður 5		3,96	14,70	6,96	12,31	37,9
Staður 6		3,05	4,86	2,68		10,6
Staður 6a	4,21	9,37			2,91	16,5
Staður 7		5,81	60,19		126,57	192,6
Staður 8	13,09	28,93			6,92	48,9
Staður 9	14,70	56,64	12,89	5,34	12,59	102,2
Ofan Engjalækjar - hrognagr.	1,98	1,15			10,70	13,8
Grímsá - hrognagröftur	14,21				49,70	63,9

Tafla 9: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2003.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001		0,1	1,5	4,8		6,4
2002		1,7		2,3	1,7	5,7
2003	12,8	11,0	10,3	1,5		23,6

Tafla 10: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2003.





Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	Heild
2001	8	4545	0,07	0,09	0,29	0,33	0,09		0,79
2002	9	4143	0,07	0,60		0,14	0,05		0,87
2003	10	5158	3,63	1,18	0,66	0,08		0,64	6,18

Tafla 11: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2003.





Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545	0,95	0,33	0,02		0,02	1,32
2002	9	4143	0,60	0,65	0,24	0,02		1,52
2003	10	5158	2,20	0,36	0,21	0,17		2,93

Tafla 12: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2003.



Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545				0,02	0,02	0,04
2002	9	4143	0,07	0,05	0,05	0,05		0,22
2003	10	5158	0,47	0,25	0,02	0,06		0,79







Mynd 1a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi í september 2003.








Mynd 1b: Lengdar- og alursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi í september 2003.







Mynd 1c: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi í september 2003.






Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi í september 2003.



Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi í september 2003.



Mynd 3a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi í september 2003.



Mynd 3b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi í september 2003.